

Leiðarvísir um gerð viðbragðsáætlunar fyrir viðurkennd söfn



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

© 2024

Höfundur: Nathalie Jacqueminet

Öll réttindi áskilin

ISBN 978-9935-25-660-7

Safnaráð

Lækjargata 3

101 Reykjavík

Iceland

safnarad@safnarad.is

www.safnarad.is

Innihald

Inngangur.....	3
Skref 1: Forgangslisti.....	4
Forgangslisti við björgun	4
Af hverju að hámarki tíu gripir?.....	4
Mat á varðveislugildi	6
Dæmi um forgangslista í vinnslu.....	6
Staðsetning og geymslustaður safngripa.....	6
Skref 2: Að meta áhættu.....	7
Áhættumat.....	7
Næmi safngripa fyrir tjóni.....	7
Áhættumat: leiðbeiningar	8
Dæmi um áhættumat í vinnslu.....	8
Skref 3: Fyrirbyggjandi aðgerðir	9
Úrbætur til að takmarka áhættu: leiðbeiningar	9
Skref 4: Gerð viðbragðsáætlunar.....	11
1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar.....	12
2. Upplýsingar um almannavarnastig.....	12
3. Símbóðatré.....	13
4. Byggingaruppdrættir.....	14
5. Rýmingaráætlun.....	14
6. Viðbragðsaðgerðir.....	14
7. Listi yfir búnað og birgðir.....	14
8. Forgangslisti fyrir björgun safngripa	14
9. Leiðbeiningar um björgun safngripa.....	14
11. Upplýsingar um hvert skal tilkynna tjón	15
12. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks	15
13. Upplýsingar um stöðu úrbóta.....	15
Skref 5: Björgun safngripa	16
Hverjir geta hjálpað?	16
Fyrstu skref björgunar.....	16
Ástand safngripa eftir vá	16
Flutningur gripa úr safninu.....	17
Ástandsskoðun	17
Skref 6: Endurreisn	20
Viðauki 1: Listi yfir búnað og birgðir	21
Viðauki 2: Viðbragðsáætlun: sniðmát/eyðublað.....	22

Inngangur

Markmiðið með útgáfu leiðarvísa er að hjálpa ábyrgðaraðilum viðurkenndra safna að vera í stakk búinir að bjarga menningarverðmætum þegar vá skellur á. Þessi bæklingur fjallar ekki um öryggi manna — sem á alltaf að vera í forgangi — en æskilegt er að hvert safn eigi öryggishandbók með rýmingaráætlun þar sem lýst er hvernig á að bregðast við hættuástandi eða vá og bjarga fólki úr safninu ef til kemur.

Neyðarástand getur skapast við mismunandi aðstæður og hafa þær mikil áhrif á viðbragðsaðgerðirnar sem grípa skal til. Atvikið getur átt sér stað við alls konar aðstæður, um miðja nótt, um hávetur, í slæmu veðri eða yfir hátíðar. Sem dæmi um aðstæður sem hafa áhrif á viðbrögð (forgang verkefna og viðbragðstímann) við neyðartilvikum má nefna:

Atvik í sýningarrými (t.d. safnahúsi, sögulegri byggingu, kirkju¹)

- Safnið er opið, margir gestir eru í byggingunni og starfsmenn eru í vinnunni.
- Safnið er lokað fyrir almenningi en starfsmenn eru að vinna í byggingunni.
- Safnið er lokað fyrir almenningi en unnið er við framkvæmdir, þ.e. iðnaðarmenn eru á staðnum en enginn starfsmaður safnsins er í byggingunni.
- Safnið er lokað og mannlaust.

Atvik í varðveisluhúsum (t.d. geymslum)

- Starfsmenn eru að vinna í byggingunni.
- Varðveisluhúsið er lokað en unnið er við framkvæmdir. Iðnaðarmenn eru á staðnum en enginn starfsmaður safnsins er í byggingunni.
- Varðveisluhúsið er lokað og mannlaust.

Mikilvægt er að taka tillit til þessara aðstæðna við gerð viðbragðsáætlunar.

Viðbragðsáætlun er tilbúin þegar eftirfarandi atriði liggja fyrir:

- Áhættumat hefur farið fram (búið er að meta við hvaða aðstæður safnkosturinn er í mestri hættu).
- Hvaða safngripum á að bjarga?
- Hverjir eiga að taka þátt í viðbragðsáætluninni og hvert er hlutverk þeirra?
 - ef vá er yfirvofandi (fyrirbyggjandi aðgerðir): starfsmenn safnsins
 - þegar vá er skollin á: utanaðkomandi viðbragðsaðilar/björgunaraðilar, starfsmenn?
 - þegar hættan er liðin hjá: starfsmenn safnsins og fleiri.
- Nokkrar grundvallaráðstafanir hafa verið gerðar til að takmarka afleiðingar vár.

Menningararfur

Fjölbreytni einkennir þann menningararf sem er að finna í söfnum landsins. Varðveislugildi safngripa getur verið margs konar, menningarsögulegt eða listrænt. Safngripir eru misviðkvæmir fyrir tjóni eftir tegund, efni, ástandi, stærð, aldri og staðsetningu innan safnsins. Flestir safngripir eru færanlegir en í sumum tilfellum getur stærð, þyngd og uppsetning gripa verið vandamál (þetta á t.d. við um samgöngutæki, báta, vélar, innréttingar, vegglistaverk, steinda glugga o.fl.).

¹ Sjá sérstakt sniðmát fyrir viðbragðsáætlun friðlýstra kirkna á heimasíðu Minjastofnunnar.

Skref 1: Forgangslisti

Forgangslisti við björgun

Nánast ógerlegt er að skipuleggja forgang gripa við björgun meðan á björgun stendur og því er afar mikilvægt að forgangslisti til björgunar sé ávallt tilbúinn, uppfærður og aðgengilegur.

Á forgangslistanum eiga að vera að hámarki **10 gripir** úr safneigninni sem hafa mesta varðveislugildið. Þetta eru gersemar safnsins sem reyna á að bjarga strax, t.d. úr eldsvoða. Mælt er með því að hafa verkalista fyrir hvert svæði (sýningarsali og safngeymslur) þar sem gersemar eru til húsa.



Mynd 1: Plöstuð spjöld fyrir viðbragðsaðila. Eitt spjald fyrir hvert sýningarými þar sem gersemar eru til sýnis.

Af hverju að hámarki tíu gripir?

Þarna er um að ræða þá safngripa sem þjóðin má alls ekki missa og þeim skal reyna að bjarga í öllum tilfellum. Í íslenskum lögum er ekki gert ráð fyrir að viðbragðsaðilar bjargi safngripum. Mikilvægt er því að hafa samráð við slökkvilið, björgunarsveitir og almannavarnir við gerð viðbragðsáætlunarinnar. Sem dæmi má nefna að þegar slökkviliðsmenn² mæta á vettvang til að slökkva eld eiga þeir ekki að reyna að bjarga lausum munum nema ef þetta verkefni hefur verið samþykkt fyrirfram og er tilgreint sérstaklega í brunavarnaáætlun eins og kemur fram í reglugerð um starfsemi slökkviliða:

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðar þessarar. Þau verkefni mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum.

² Úr Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018:

Lögbundin verkefni slökkviliða

Verkefni slökkviliða eru: Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss, slökkvistarf innanhúss og reykköfun, viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun, björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum, eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum, sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

Verkefnið skulu koma fram í brunavarnaáætlun og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið að hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.³

Umfang þess sem á að bjarga verður að vera raunhæft og reynslan sýnir að 5 til 10 gripir eru hófleg tala.


SAFN: XX LOGO

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

uppfært dags. XX-XX-XX Nafn: XX


BJÖRGUN SAFNGRIPA úr sýningarsal 01: 2 gersemar: G01, G02

1. hæð



G.01 MÁLVERK: Leonardo Da vinci, <i>Mona Lisa</i> , 77 × 53 sm í ramma, varið með gleri. MEÐHÖNDLUN: Takið verkið af veggnum með því að lyfta því aðeins upp. Klippið öryggisvírinn með tång.
STAÐSETNING: Málverkið er á veggnum vinstra megin þegar komið er inn í rýmið.

G.02 SKÚLPTÚR: <i>Nefertiti</i> , kalksteinn, H: 48 sm, Þyngd: 20 kg MEÐHÖNDLUN: Lyftið glekúplinum beint upp (þarf tvo menn). Lyftið síðan verkinu upp með því að halda undir það.
STAÐSETNING: Skúlpturn er vinstra megin við hurðarop/dyr þegar komið er inn í rýmið.



Mynd 2: Leiðbeiningar fyrir viðbragðsaðila: dæmi.

³ Önnur verkefni slökkviliða í Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018.


Mat á varðveislugildi

Það getur verið erfitt að velja úr safnkostinum og meta varðveislugildi safngripa. Gott er að styðja sig við vinnulista með lágmarksupplýsingum um gripina.

Til að búa til þennan lista:

- styðjist við upplýsingar úr skráningarkerfi,
 - notið eyðublað um mat á varðveislugildi,
 - leitið eftir ráðgjöf sérfræðinga.
- Skráin verður ávallt að vera aðgengileg. Hugið út í hvaða aðilar ættu að fá afrit af henni: viðbragðsaðilar? Þjóðminjasafn Íslands? Safnaráð? Mikilvægt er að fara yfir gögnin sem varða forgangsröð björgunar með viðbragsaðila í heimabyggð.
 - Uppfærið skrána eftir þörfum (t.d. ef gripirnir hafa verið færðir til eða forgangsröðin hefur breyst).
 - Takið góðar ljósmyndir af gripunum þar sem núverandi staðsetning þeirra sést vel (t.d. á sýningu, í safngripageymslu).
 - Ef gripirnir eru í sýningarskápum er ráðlegt að gefa skápunum númer og merkja þá annars getur verið erfitt fyrir viðbragðsaðila að finna viðkomandi skáp.

Dæmi um forgangslista í vinnslu

Minjasafnið á Lambavatni		Ábyrgð:		Dagsetning:	
Safnnr.	Heiti , lýsing (t.d. efni, gerð, aldur)	Mynd	Staðsetning	Varðveislugildi:*	Forgangur
ML-134	Úr, silfur		Herbergi 1, skápur 01	1	1
Athugið					

* Varðveislugildi: 1 (hátt) til 3.

Staðsetning og geymslustaður safngripa

Þegar gripir á forgangslista eru í geymslu er mikilvægt að merkja þá sérstaklega til að auðvelda viðbragðsaðilum að finna þá, t.d. með því að setja endurskinsmerki og önnur áberandi merki á umbúðir, á hillu eða við hliðina á þeim. Mælt er með því að nota merki Bláa skjaldarins sem er viðurkennt merki á alþjóðlegum vettvangi (sjá dæmi á myndum 2 og 3). Gripina verður að geyma á aðgengilegum stað.



Myndir 3, 4: Dæmi um merkingar með endurskinsmerki og merki Bláa skjaldarins.

Skref 2: Að meta áhættu

Áhættumat

Áhættumatið nýtist til að draga fram þá áhættuþætti og ógnir sem safnið stendur frammi fyrir. Í áhættumati þarf einnig að meta hversu viðkvæmir safngripir eru vegna ástands, lögunar eða efniviðarins sem þeir eru gerðir úr. Hér á eftir eru teknar saman helstu tegundir tjóns sem gripir geta verið viðkvæmir fyrir.

Næmi safngripa fyrir tjóni

Af völdum elds

Allir safngripir eru viðkvæmir fyrir eldi og sóti. Til að einfalda málið er hægt að segja að viðkvæmstu gripirnir séu þeir sem gerðir eru úr pappír, plasti eða timbri. Málaðir gripir eru sérstaklega viðkvæmir vegna þess að málningarlagið er yfirleitt þunnt. Margir gripir eru samsettir úr mismunandi efnum og því getur verið erfitt að flokka þá án sérstaks mats.

Af völdum jarðskjálfta

Brothættir gripir eru næmastir fyrir tjóni en það fer eftir stærð skjálftans og hve lengi hann stendur yfir hversu miklar skemmdir geta orðið. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru lykilatriði til að minnka skaðann. Jarðskjálftar geta skemmt gripi, rispað þá við núning, rífið, brotið eða mölvað, og jafnframt skemmt eða eyðilagt sjálfa bygginguna. Í kjölfar jarðskjálfta geta komið aurskriður eða vatnsflóð, og geta gripir þá jafnvel grafist undir rústum bygginga sem hrynja. Eldur getur kviknað í kjölfar jarðskjálfta. Næstum allar skemmdir sem taldar eru upp varðandi eldsvoða, flóð og aðra vá sem hér er fjallað um geta einnig átt við um jarðskjálfta.

Af völdum ofviðris, foks eða roks

Rok getur valdið verulegum hreyfiskaða (við tilfærslu, högg eða núning) vegna vindofsa, hreyfinga á byggingum og byggingarskemmda. Viðkvæmstu gripirnir eru: brothættir gripir (s.s. gler, keramik, postulín), málverk, innrammaðar myndir og höggmyndir.

Af völdum eldgosa

Tærandi og súr eldfjallaaska getur sest á óvarða safngripi.

Af völdum rafmagnsbilunar (rafmagnsleysis, straumrofs)

Skemmdir geta orðið í söfnum þar sem neyðarlýsingu vantar eða er ábótavant og þar sem góð viðvörunarkerfi með varaorkugjöfum skortir.

Áhættumat: leiðbeiningar

Til að greina áhættu þarf að:

- safna upplýsingum um fyrri neyðartilvik og ræða við þá sem hafa starfað lengst í safninu,
- komast að því hvort og hversu oft sérhver tegund vár hefur valdið erfiðleikum í byggingum sem tilheyra safninu og í nágrenni þess,
- nota upplýsingar sem er að finna á heimasíðu Almannavarna um áhættumat fyrir svæðið sem safnið er á,
- nota eyðublöðin úr eftirfarandi skjali:[Leiðarvísir-viðbragðsáætlun-viðurkennd-söfn-skjal2-sniðmát](#) sem er að finna á heimasíðu Safnaráðs,
- lesa eftirfarandi lista yfir áhættuþætti og meta hvort atriðin eiga við um þá tilteknu aðstöðu sem verið er að meta,
- ákveða fyrstu viðbrögð.

Dæmi um áhættumat í vinnslu

*Áhætta 1 (lítil) – 5 (mikil)

Skrifið niður hvernig þið viljið bregðast við

Aðstæður	Áhætta og áhættustig*	Dæmi um fyrstu viðbrögð ábyrgðaraðila**
Aurskriður	Vatnsskemmdir, hrun bygginga og fl.	0 <i>Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingu Íslands</i>
Eldgos (öskufall, loftmengun)	Allt umhverfið breytist við öskufall. Kornin í gosösku eru hörð og mjög hrjúf og geta valdið tæringu	3 <i>Breiða yfir safngripi, hafa samband við Náttúruhamfaratryggingu Íslands</i>
Eldgos (hraunrennsli)	Bruni, hrun byggingarluta	0 <i>Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingu Íslands</i>
Eldingar	Rafmagnstruflun, eldur	
Eldsvoði (uppruni að innan)	Sót, bruni, vatnsskemmdir, mygla	5 <i>Slökkvilið stýrir</i>
Eldsvoði (uppruni að utan)	Sót, bruni, vatnsskemmdir, mygla	5 <i>Mikil hætta, flytja þarf safngripi á annan stað</i>
Fárvirði	Vatnsskemmdir, mygla	4 <i>Lyfta safngripum frá gólfi, breiða yfir þá</i>

Jarðhitahætta (frá hverasvæðum/gufuhverum)	Vatnsskemmdir, tæring, mygla		
Jökulhlaup	Vatnsskemmdir, mygla, hrun byggingarluta		
Snjóflóð	Hrun byggingarluta, vatnsskemmdir	0	Hafa samband við Náttúruhamfaratryggingu Íslands
Jarðskjálftar	Hrun byggingarluta	3	Meta skemmdirnar, hafa samband við Náttúruhamfaratryggingu Íslands
Hryðjuverk/árásir	Eldsvoði, hrun byggingarluta	1	Fer eftir atvikum
Mótmæli/skemmdarverk eða vá af mannavöldum	Veggjakrot	2	Hafa samband við forvörð
Löfttegundir og mengun	Tæring		
Óhapp — samgöngur, t.d. bíll keyrði á byggingu	Eldsvoði, hrun bygginga	1	Fer eftir atvikum
Óhapp — spilliefni, t.d. vörubíll með kemísk efni valt	Olíumengun, sprenging	1	Meta stöðuna
Sprengingar, t.d. byggingarvinna á svæðinu	Skjálftar, hrun bygginga	1	Meta skemmdirnar
Tölvuárás	Mikilvæg gögn hverfa	4	Hafa samband við sérfræðing
Vatnsflóð (flóð af völdum leysinga, mikilla rigninga eða sjávarflóð) — bilun í vatnsleiðslum, vatnsskemmdir/innanhuúsleki	Vatnsskemmdir, mygla	5	Lyfta safngripum frá gólfi, breiða yfir þá. Við mikla hættu þarf að flytja safngripina á annan stað og setja blásara með köldu lofti í safnið

** Fyrstu viðbrögð eftir að björgun mannlífa hefur verið tryggð.

Ítarefni: <https://www.almannavarnir.is/natturuva/>

<https://www.almannavarnir.is/tag/ahaettumat/>

Skref 3: Fyrirbyggjandi aðgerðir

Almennt viðhald er besta forvarnarleiðin. Síðan er mikilvægt að gera sér grein fyrir hverjir geta komið að björgunarstarfi og hvaða tæki og tól þurfa að vera til staðar/aðgengileg.

Úrbætur til að takmarka áhættu: leiðbeiningar

Almennt

- Sinnið reglulegri umhirðu og eftirliti.
- Takið ónauðsynlegan búnað úr sambandi þegar enginn er í safninu.

- Yfirfarið allar neyðarbirgðir og -búnað einu sinni á ári (sjá neyðarkistu á bls. 22).
- Tryggið að aðgangur um allar leiðir, ganga og dyr sé hindrunarlaus.
- Komið fyrir neyðarljósum með rafhlöðum við rafmagnstöflur, eldvarna- og öryggistöflur og við rýmingarleiðina.
- Haldið skrá yfir vandamál sem upp koma.

Dæmi um ráðstafanir við eftirfarandi vá og úrbætur

Skrifið niður hvaða úrbóta er þörf

Áhætta	Fyrirbyggjandi aðgerðir / hættustig	Staða úbóta (dæmi)
Aurskriður	Flytjið safngripina sem eru í forgangi á annan stað ef tími leyfir.	<i>Finna stað í nágrenninu</i>
Eldgos	Flytjið safngripina sem eru í forgangi á annan stað ef tími leyfir.	<i>Finna stað í nágrenninu</i>
Eldgos (öskufall)	<ul style="list-style-type: none"> •Breiðið yfir safngripina (sjá yfirbreiðslur á bls. 22). •Reynið að halda rakastiginu lágu. -Aftengið allan rafbúnað nema nauðsynlegan neyðarbúnað. •Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga. •Útvegið ryksugubúnað með vatnssíukerfi og heimilisryksugur með hepa-síum. 	<i>Kaupa yfirbreiðslur, athuga hvaðan hægt er að fá ryksugubúnað með vatnssíukerfi</i>
Eldgos (fljótandi hraun)	Flytjið gripina úr safninu ef tími leyfir.	<i>Finna stað í nágrenninu</i>
Eldsvoði (upptök að utan: reykur, sótt)	<ul style="list-style-type: none"> •Breiðið yfir safngripina (sjá yfirbreiðslur á bls. 22). •Lokið algjörlega fyrir loftinntakskerfi bygginga og límið fyrir allar loftrásir og alla loka, loftop og glugga. 	<i>Kaupa yfirbreiðslur Skrifa leiðbeiningar fyrir starfsfólk</i>
Eldsvoði (upptök að innan)	<i>Notið slökkvitækin.</i>	<i>Merkja rafmagnstöfluna betur, athuga fjölda og staðsetningu slökkvitækja, halda námskeið fyrir starfsfólk</i>
Fárvirði (getur valdið eldsvoða, flóðum, hruni bygginga, auk sprenginga, spilliefnaslysa, samgönguslysa og veitubilana)	Setjið límband yfir glerrúður til að draga úr hættu á að þær brotni.	<i>Geyma límband í neyðarkistu</i>
Jarðskjálftar og hrun byggingarluta	•Fáið byggingaeftirlitið til að skoða bygginguna ef vart verður við vandamál eins	<i>Nýbúið að skoða (mars 2024)</i>

	<p>og sprungur eða veika burðarbita, gólfsig eða sign loft.</p> <ul style="list-style-type: none"> •Leitið aðstoðar hjá byggingafulltrúa viðkomandi sveitarfélags. •Greinið áhættu vegna nærliggjandi bygginga eða trjáa. Sagið burt dauðar trjágreinar. Festið nálæg tré með stagvírurum ef þörf krefur. •Gangið úr skugga um að gripir sem eru hengdir á veggj séu vel festir. 	<p><i>Athuga þetta næsta vor</i></p> <p><i>Kaupa öryggiskróka</i></p>
Vatnsflóð	Kynnið ykkur hversu hátt grunnvatn stendur þegar flóð verða og athugið frárennsli frá byggingunum.	<i>Eftir að athuga. Fá ráðleggingar hjá sérfræðingum.</i>
Bilun í veitukerfi	<ul style="list-style-type: none"> •Yfirfarið allar aðveitur eftir reglulegri áætlun. •Notið viðbragðsáætlun og komið á fundi með stjórnendum veitna í héraðinu til að tryggja að safnið verði varað við fyrirhuguðum eða líklegum veittruflunum. •Látið setja einstefnuloka í vatnslása við fráveitu í byggingunum til að koma í veg fyrir að flóðvatn komi upp um fráveiturör. •Geymið aukabirgðir af rafmagnsöryggjum, ljósaperum o.þ.h. nærri þeim stöðum þar sem þeirra er þörf. 	<p><i>Athuga merkingar á inntökum</i></p> <p><i>Hafa samband við pípulagningamann</i></p>
Tölvuáras	Hafið samband við umsjónarmann tölvukerfis og lögreglu.	<i>Vinna úttekt um öryggi kerfisins</i>

Í öllum tilfellum er mikilvægt að vera með áætlun um:

- hvert á að fara með gripina ef þyrfti að flytja þá úr byggingunni,
- hvernig á að flytja þá til að koma í veg fyrir að þeir skemmist í flutningum (t.d. ef veðurfar er óhagstætt).

Skref 4: Gerð viðbragðsáætlunar

Í viðbragðsáætlun skulu koma fram upplýsingar sem hafa safnast saman í skrefum 1 til 3. Varðandi almennar öryggisráðstafanir og varnarviðbrögð við náttúruvá er vísað til Almannafræðinganna (www.almannavarnir.is).

Viðbragðsáætlunin á að vera skýr, einföld, sveigjanleg og í takt við tímann. Þar skal lýst aðgerðum og úrræðum sem beitt verður og vera listi yfir þær stofnanir/einstaklinga sem leitað verður til við vá. Viðbragðsáætluninni á að dreifa til meðlima viðbragðsteymisins og utanaðkomandi viðbragðsaðila eftir atvikum. Til að ákvarða fjölda aðila í viðbragðsteymi skal litið til umfangs safnkostsins og

fjölbreytni, hversu viðkvæmur hann er fyrir tjóni, staðsetningar, forgangsröðunar og björgunaraðgerða. Í viðbragðsáætlun skal eftirtalið koma fram (sjá nánar hér fyrir neðan):

1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar
2. Almannaþingastig
3. Símbóðatré
4. Byggingaruppdrættir af öllum hæðum
5. Rýmingaráætlun
6. Viðbragðsaðgerðir
7. Listi yfir búnað og birgðir
8. Forgangslisti fyrir björgun safngripa
9. Leiðbeiningar um björgun safngripa
10. Forgangslisti yfir aðgerðir eftir tegund vár
11. Upplýsingar um hvert skal tilkynna tjón
12. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks: yfirlit
13. Upplýsingar um stöðu úrbóta (fyrirbyggjandi aðgerðir)

- Metið hversu langan tíma tæki að flytja gripina burt í neyðartilfelli (t.d. jarðskjálfti, eldsvoði, flóð, fárviðri eða eldgos).
- Er líklegt að flytja þyrfti gripina milli bygginga eða á annan stað? Hvert?
- Metið umhverfis- og öryggisskilyrði þessara bygginga.
- Hvernig yrði gripunum pakkað, þeir skráðir (listi) og fluttir?

1. Upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar

Einfaldar upplýsingar um útgáfu viðbragðsáætlunar: númer (t.d. útgáfa 1.0), ártal, ábyrgðarmaður og jafnvel staðan ef viðbragðsáætlunin er ekki fullkláruð.

2. Upplýsingar um almannaþingastig

Á öllum stigum viðbragðsáætlunar og við skipulagningu björgunar er ráðlagt að nota sama litakóða og Almannaþingarnir.

Grænt: óvissustig⁴

Þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

Gult: hættustig⁵

⁴ Óvissustig einkennist af atburðarás af náttúru- eða mannavöldum sé hafin og ætla má að geti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað. Á þessu stigi hefst samráð milli almannaþinga og þeirra stofnana sem málið varðar. Atburðurinn er skilgreindur og hættumat framkvæmt reglulega til að meta stöðuna hverju sinni.

<https://www.almannaþingur.is/almannaþingastig/stig-alvarleika/ovissustig/>

⁵ Ef hættumat leiðir í ljós að hætta fer vaxandi verður að grípa til tafarlausra ráðstafana til að tryggja sem best öryggi þeirra sem á svæðinu búa/dvelja. Slíkt er gert með því að efla viðbúnað neyðar- og öryggisþjónustunnar á viðkomandi svæði, ásamt því að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða s.s. rýmingar, brottflutnings eða lokunar svæða. Einnig eru leiðbeiningar og viðvaranir einkennandi fyrir þetta stig. <https://www.almannaþingur.is/almannaþingastig/stig-alvarleika/haettustig/>

Ef heilsu og öryggi manna, umhverfis eða byggðar er ógnað af náttúru- eða mannavöldum, þó ekki svo alvarlega að um neyðarástand sé að ræða.

Á hættustigi er hægt að bregðast við hugsanlegri vá áður en safngripir verða fyrir tjóni.

Rautt: *neyðarstig*⁶

Þegar slys eða hamfarir hafa orðið.

3. Símbóðatré

Þrátt fyrir að í flestum landshlutum þekkist íbúar vel þarf líka að íhuga að óhöpp geta orðið þegar flestir heimamenn eru í frí og sumarstarfsmenn eða afleysingafólk er að vinna. Allir starfsmenn verða að vera meðvitaðir um hlutverk sitt.

Símbóðatréd getur reynst mikilvægasta skjal viðbragðsáætlunarinnar. Þar eru skráðir tengiliðir hjá slökkviliði, sjúkrahúsum og lögreglu og meðlimir viðbragðsteymisins og varamenn þeirra, þar sem fram kemur eftirfarandi:

Nafn:	Áætlaður viðbragðstími:
Símanúmer:	Annað t.d. kalltækjanúmer, Skype, Facebook
Netfang:	Sérhæfð fæрни:
Heimilisfang:	

Dæmi um útfærslu:

Vá	Hringja fyrst í:	Nafn, sérhæfð fæрни/hlutverk	Sími /annað	Áætlaður viðbragðstími
Í öllum tilfellum	Hringja fyrst í:	Önnu Jónsdóttur, forstöðumann safnsins, eða <i>Jón Jónsson, húsvörð</i>	S: 930 12 12 Facebook:	15 mín.
Í öllum tilfellum		Tryggingarfélag		
Eldsvoði		Slökkviliðsstjóra	112	
Bilun í vatnskerfi		Pípulagningamañn		
Rafmagnsbilun		Rafvirkja		
Skemmdarverk		Lögreglu	112	
Annað		Flutningafyrirtæki		
		<i>Jón Jónsson, forvörð</i>		
		<i>Jón Jónsson, trésmið</i>		
		<i>Jón Jónsson, nágretta</i>		
		Sjálfbóðaliða		
		Bláa skjöldinn, Safnaráð, safnmenn...		

Ef um stóra stofnun er að ræða á að skipuleggja símbóðatréd þannig að hver starfsmaður hringi í nokkra aðra, svo að teymisstjórinn geti einbeitt sér að viðbragðsaðgerðum.

⁶ Neyðarstig einkennist af atburði sem valdið hefur slysum á fólki og/eða tjóni á mannvirkjum. Verkefni á þessu stigi einkennast af tafarlausum aðgerðum til lífsbjargandi aðstoðar og viðleitni til að afstýra fleiri slysum og varna frekara tjóni. <https://www.almannavarnir.is/almannavarnarstig/stig-alvarleika/neydarstig/>

Hentugt getur verið að stofna Facebook-hóp (eða svipaðar upplýsingarleiðir) með öllum aðilum sem koma að björgunaraðgerðunum þegar því verður við komið.

4. Byggingaruppdrættir

Í viðbragðsáætluninni eiga að vera í heild sinni byggingaruppdrættir af öllum hæðum bygginganna. Koma skal fram hvar eftirfarandi atriði eru staðsett:

- inntaksrofar rafmagns og rafmagnstöflur
- inntaksrofar fyrir aðveitur (heitt og kalt vatn)
- sjúkrakassi
- reyskynjarar, slökkvitæki og slökkvibúnaður
- öryggiskerfi
- búnaður til viðbragðsaðgerða (t.d. neyðarkista)

Hentugt getur verið að nota tákn, t.d.:



Þetta eru upplýsingar sem viðbragðsaðilar vilja fá um leið og þeir mæta. Þær verða að vera aðgengilar, t.d. við innganginn í plexiglerkassa uppi á vegg.

5. Rýmingaráætlun

Hér skal hafa teikningar/byggingaruppdrætti (stærð: A4) af öllum hæðum sem sýna hvernig á að rýma safnið og stuttan texta með.

6. Viðbragðsaðgerðir

Hér skal lýsa aðgerðum við ýmsar aðstæður, t.d.:

- **Eldur:** Lýsið hvað skal gera ef vart verður við reyk eða eld.
- **Rafmagnstruflun:** Setjið inn ljósmyndir af aðalrafmagnstöflunni og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera til að slökkva á rafmagni eða setja það af stað.
- **Vatnsleki:** Setjið inn ljósmyndir af vatnsinnstökum fyrir heitt og kalt vatn og lýsið á einfaldan hátt hvað skal gera

Einnig er gott að nefna hvenær á að hafa samband við tryggingarfélag.

7. Listi yfir búnað og birgðir

Sjá viðauka á bls. 22–23.

8. Forgangslisti fyrir björgun safngripa

Sjá bls. 4.

9. Leiðbeiningar um björgun safngripa

Sjá bls. 16.

10. Forgangslisti yfir aðgerðir eftir tegund vár

Eftir vatnstjón

Ef vatn hefur flætt inn eða lekið og/eða rakastig er mjög hátt í safninu: verður að fjarlægja safngripi sem fyrst, og í rétttri forgangsröð, því að mörgum gripum (trégripum, málverkum, pappírsvörkum og textílum) verður að bjarga innan tveggja sólarhringa eigi að komast hjá alvarlegum skemmdum.

Eftir eldsvoða

- Upplýsið aðila sem annast reykhreinsun að efni sem þeir nota getur valdið skaða á safngripum.
- Reynið ekki að hreinsa viðkvæma safngripi sem eru sótugir eða eru skemmdir af bruna nema hafa fyrst samband við forvörð.

Eftir öskufall

Nauðsynlegt er að byrja á að hreinsa bygginguna að utan og hindra eins og kostur er aðaska komist inn.

- Hreinsið ösku af þökum, úr þakrennum og niðurföllum því að hún getur orðið svo þung að byggingar eða byggingarhlutar hrynji.
- Haldið dyrum og gluggum lokuðum.
- Hafið loftið þurr.
- Setjið mottur utan við dyr hússins svo aðaska berist ekki inn með skóm.
- Komið fyrir plastdúkum á gólfum við alla innganga og glugga til að hindra aðaska berist inn.
- Ryksugið⁷ allt eins vel og kostur er.

11. Upplýsingar um hvert skal tilkynna tjón

Tilkynna skal allt tjón til tryggingarfélags eða viðeigandi aðila. Séu skemmdirnar af völdum náttúruváfar ber einnig að tilkynna þær til Náttúruhamfaratryggingar Íslands. Í tilfelli jarðskjálfta skal óska eftir úttekt fagmanna á undirstöðum og burðargrind viðkomandi byggingar, enda þótt engar skemmdir séu sjáanlegar á yfirborðinu. Til að eiga rétt á bótum vegna skemmda á safnkosti getur safnið þurft að vera með lausafjártryggingu⁸ en tryggingarmál eru ekki alltaf afgerandi og er ráðlegt að hvert safn eigi samtal við eigið tryggingarfélag.

12. Upplýsingar um meðhöndlun gripa eftir tegund atviks

Sjá bls. 20.

13. Upplýsingar um stöðu úrbóta

Sjá bls. 9.

⁷ Sjá leiðbeiningar um hvernig á að ryksuga safngripi á heimasíðu Safnaráðs.

⁸ Í lögum nr. 55/1992 kemur fram í 4. gr: "[Náttúruhamfaratrygging Íslands]¹⁾ skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð²⁾ skal skilgreint nánar hvað felist í 1. másl." Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar númer 770/2023 segir: "Einungis eru greiddar bætur fyrir beint tjón á váttryggðum húseignum, lausafé og mannvirkjum. Váttryggingin bætir hvorki afleitt tjón svo sem rekstrartap, né tjón sem hlýst af því að eign varð ekki notuð á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið, auk annars óbeins tjóns. Þegar tjón veldur eingöngu útlitsgalla en rýrir ekki verðmæti eða notagildi hins váttryggða, greiðast ekki bætur. Tjón vegna minjagildis, sérstaks efnisvals eða handverks bætist ekki og skal við ákvörðun bóta miða við hagkvæmstu aðferðir hvað varðar efnisval og byggingaraðferðir, nema ljóst sé að tekið hafi verið tillit til þess í brunabótamati, viðbótartryggingu eða endurmati að slíkt efnisval og byggingaraðferðir hafi verið notaðar við gerð, endurbyggingu eða viðhald hins váttryggða."

Skref 5: Björgun safngripa

Hér er talað um björgunaraðgerðir sem fara fram eftir að viðbragðsaðilar hafa yfirgefið vettvanginn.

- Metið umfangið og kallið á hjálp.
- Tryggið öryggi allra sem taka þátt í björgun safngripa.
- Vettvangur björgunarstarfs getur verið dimmur, óaðgengilegur, óhreinn (vatn, mold, drulla, sótt, óhreinindi) og hættulegur (glerbrot, flísar, óstöðugar innréttingar). Allir sem koma að björgun safngripa þurfa að minnsta kosti vera með hjálm, hanska og í vatnsheldum skóm/stígvélum með þykkum botni.
- Mælt er með því að allir séu klæddir í vesti með endurskinsmerkjum og í mismunandi litum til að aðgreina hverjir stjórna aðgerðinni.



Hverjir geta hjálpað?

- Starfsmenn annarra safna á svæðinu: byggðasafna, listasafna, bókasafna, skjalasafna í heimabyggð; hafa þekkingu á öryggismálum menningararfs sem getur komið að gagni.
- Sérfræðingar höfuðsafna.
- Forverðir með viðurkennda menntun; þá er að finna á heimasíðu nkf.is.
- Sjálfboðaliðar undir eftirliti.
- Björgunarsveitir.
- Blái skjöldurinn.
- Safnaráð.

Fyrstu skref björgunar

- Byrjið á gripum sem merktir eru forgangi og handleikið gripi með gát.
- Staldrið stutt við hvern hlut og bjargið sem flestum gripum.
- Reynið ekki flókið hreinsi- eða meðferðarferli meðan á björgun stendur.
- Ráðgist við forverði og stöðvið frekari skemmdir með því að láta gripi þorna hægt á köldum stað.
- Hafið samband við tryggingarfélag og/eða Náttúruhamfaratryggingu Íslands, ef um tjón af völdum náttúruhamfara er að ræða.
- Geymið verðmæta gripi í góðum sýrufríum umbúðum eins og kostur er.

Ástand safngripa eftir vá

Eftir vá geta gripirnir verið:

- í óbreyttu ástandi,
- að byrja að skemmast vegna raka, sóts eða öskulags,
- skemmdir.



Gripur sem virðist vera í óbreyttu ástandi getur hafa orðið fyrir tjóni sem kemur í ljós löngu síðar, jafnvel eftir einhver ár. Eftir atvikum geta t.d. sprungur myndast á máluðum trégripum á næstu mánuðum, ef rakastig hefur hækkað verulega og síðan lækkað hratt (t.d. við notkun öflugra hitablásara).

Mælt er með að hafa samband við forvörð strax til að fá ráðgjöf.

Forvörður getur hjálpað söfnum að forgangsraða forvörslunni. Þegar gripir hafa brotnað hafa eftirfarandi atriði áhrif á forgang forvörslu:

Efni gripa: Brot úr gripum úr timbri þarf að líma sem fyrst, annars er hættu á að brotin passi ekki lengur saman. Hins vegar mega gripir úr gleri bíða lengur eftir forvörslu.

Form gripa: Þegar hringlaga viðargripur (s.s. snældusnúður, lok asks eða ausa) er brotinn losnar spenna úr viðnum sem gerir að verkum að erfitt getur verið að líma brotið aftur á sinn stað ef of langur tími er liðinn frá atvikinu.

Samsetning gripa: Brot úr gripum sem eru samsettir úr mismunandi efnum (t.d. úr ljósbera gerðum úr timbri, málm og gleri) getur verið erfitt að líma saman af svipuðum ástæðum.

Flutningur gripa úr safninu

Notið lista um forgang björgunar og skráið hvert gripirnir hafa verið fluttir.

- Litla lausa gripi er auðvelt að flytja á öruggan stað.
- Stóra eða fasta gripi er flóknara að flytja. Mikilvægt er að meta hvort nauðsynlegt er að flytja þá úr byggingunni.

Ástandsskoðun

- Mælt er með því að nota nítrílhanska⁹ til að meðhöndla gripina.
- Takið myndir af gripunum sem sýna safnúmer og ástand þeirra (framhlið, bakhlið eða nærmyndir eftir þörfum).

Dæmi: Ástand gripa eftir jarðskjálfta (sjá einnig dæmi um eyðublað í viðauka X)

Rautt: meðferð í forgangi Gult: þarfnast forvörslu en má bíða Grænt: ástand gott

Heiti grips/nr.	Lýsing (t.d. efni)	Fannst: (staðsetning)	Björgun: Forgangur eftir atvikum	Gripur fluttur hvert?	Ástand eftir vá	Næsta skref
Útvarp BR-13935	blandað	Geymsla A, rekki 01-hilla 04	3	Íþróttahúsið	gott	Frágangur í geymslu
Borð BR-913	viður	Á sýningu, rými 1	2	Íþróttahúsið	Allir fætur brotnir	Forvarsla?
Ljósberi (gersemi) BR-3593	viður, gler	Á sýningu, rými 2	1	Byggðasafn Surtseyjar	Gler brotið	Forvarsla
Bók	pappír	Á sýningu, rými 2	3	Íþróttahúsið	gott	Frágangur í geymslu

Forðist:

- að pakka blautum gripum í efni eða umbúðir sem geta valdið skaða, t.d. í grófan eldhúspappír sem getur skilið eftir sig för á yfirborði viðkvæmra gripa eða lokaða plastkassa sem hleypa engum raka út,

⁹ Minni hættu á ofnæmi.

- að geyma blauta gripi of lengi í umbúðum því að þeir geta byrjað að mygla,
- að byrja að flytja stóra gripi áður en ákveðið hefur verið hvert þeir eiga að fara,
- að nota hitablásara því að hiti + raki = mygla,
- að henda minnstu brotunum úr gripum áður en forvörður er búinn að meta hvort hægt er að líma þá.

Meðhöndlun gripa: yfirlit eftir tegund gripa				
Tjón vegna →	vatns	eldsvoða	öskufalls	jarðskjálfta
Tegund gripa ↓	bleyta	sót	öskulag	rifur, brot
Pappír	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs***	Þurrkið með mjúkum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*	Safnið saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkið þau viðkomandi grip.
Textílar	Reynið að fjarlægja mesta vatnið úr gripnum. Skolið hann með hreinu vatni ef hann hefur lent í drullu. Leggið á hreinan flöt á milli tveggja laga af rakadrægu efni (t.d. bómullarlaki eða handþurrkum) og skiptið um leið að lagið er orðið blautt. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs.***	Hafið samband við forvörð.	Ryksugið varlega. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs.***	
Málaðir trégripir	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs.***	Hafið samband við forvörð.	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*	
Aðrir trégripir	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs.***	Hafið samband við forvörð.	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*	
Málmur, gler, postulín, steinn	Þurrkið með mjúkum tuskum eða hárblásara á lægstu hitastillingu.*	Þurrkið með mjúkum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**	Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárblásara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.	
Plast	Þurrkið bleytuna af með mjúkum tuskum og notið blásara með köldu lofti.	Þurrkið með mjúkum rökum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**	Blásið öskulagi burt með köldu lofti og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.	
Blandað	Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.			
Notið ekki vatn til að hreinsa gripi nema að höfðu samráði við forvörð.				

*Gripur í góðu ástandi, yfirborð gripsins er ekki að flagna.

**Gripur í slæmu ástandi eða hann er gersemi.

*** Væntanlegt 2024–2025.

Meðhöndlun gripa: yfirlit eftir tegund atvika	
Tjón vegna vatns: bleyta	
Reynið að draga mesta vatnið úr gripnum. Skolið hann með hreinu vatni ef hann hefur lent í drullu.	
Textílar:	Leggið á hreinan flöt á milli tveggja laga af rakadrægu efni (t.d. bómullarlaki eða handþurrkum) og skiptið um leið og lagið er orðið blautt. Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs***
Pappír	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs***
Málaðir trégripir	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs ***
Aðrir trégripir	Skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs***
Málmur, gler, postulín, steinn	Þurrkið með mjúkum tuskum eða hárblásara á lægstu hitastillingu.*
Plast	Þurrkið af með mjúkum tuskum og notið blásara með köldu lofti.
Blandað	Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	
Tjón vegna eldsvoða: sót	
Textílar:	Hafið samband við forvörð.**
Pappír	Þurrkið með mjúkum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**
Málaðir trégripir	Hafið samband við forvörð.**
Aðrir trégripir	Hafið samband við forvörð.**
Málmur, gler, postulín, steinn	Ef yfirborðið er <u>alveg slett</u> : þurrkið með mjúkum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**
Plast	Þurrkið með mjúkum rökum tuskum.* Hafið samband við forvörð.**
Blandað	Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	
Tjón vegna öskufalls: öskulag	
Textílar:	Ryksugið varlega, skoðið kennslumyndband á vef Safnaráðs ***
Pappír	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*
Málaðir trégripir	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*
Aðrir trégripir	Blásið öskulagi burt með köldu lofti.*
Málmur, gler, postulín, steinn	Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárblásara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.
Plast	Blásið öskulagi burt með köldu lofti með hárblásara á lægstu hitastillingu og þurrkið síðan með mjúkum tuskum.
Blandað	Metið hvað er hægt að gera miðað við fyrrnefndar leiðbeiningar.
Notið ekki vatn til að hreinsa gripni nema að höfðu samráði við forvörð.	
Tjón vegna jarðskjálfta: rifur, brot	
Allir gripir	Safnið saman öllum brotum úr hverjum grip fyrir sig og merkið þau viðkomandi grip. Hafið samband við forvörð.**

*Gripur í góðu ástandi, yfirborð gripsins er ekki að flagna.

Gripur í slæmu ástandi eða hann er gersemi. *væntanlegt 2024–2025.

Skref 6: Endurreisn

Langur tími getur liðið þangað til ástandið verður aftur komið í eðlilegt horf. Mikilvægt er að tryggja öryggi gripanna meðan verið er að meta tjón í safninu og ráðast í nauðsynlegar viðgerðir.

Ef öruggur staður er ekki fyrir hendi getur verið ráðlegt að hafa samband við næsta viðurkennda safn og fá að geyma gripina þar tímabundið.

Sumir gripir, eins og málaðir gripir úr timbri, málverk og pappírsverk, geta skemmst ef þeir eru geymdir í húsnæði þar sem hita- og rakastig eru frábrugðið því sem er í safninu.

Mælt er með því að hafa samband við sérfræðinga höfuðsafna og forverði til að fá ráðgjöf um hvernig er best að geyma gripina þangað til að hægt verður að flytja þá aftur inn í safnið.

Viðauki 1: Listi yfir búnað og birgðir

Í neyðarkistunni eiga að vera birgðir sem má grípa til við fyrstu viðbrögð. Mikilvægt er að fara yfir neyðarkistuna reglulega og endurnýja birgðir sem skemmast með tímanum, s.s. gúmmíhanska, rafhlöður og límband.

Mælt er með því að kistan sé á aðgengilegum stað, annaðhvort við inngang safnsins, við geymslur eða í annarri byggingu í nágrenni safnsins ef aðstæður leyfa. Í sumum tilfellum getur verið nóg að tilgreina hvar þessa hluti er að finna/hvar þeir fást í stað þess að safna þeim saman í neyðarkistu.

Búnaður: dæmi (ekki tæmandi)

Lýsing	Staðsetning eða fáanlegt hjá:	Athugasemdir
Vatnsdælur		
Hreinar ruslatunnur		
Stigi		
Verkfæri		
Ryksugur		
Felliborð		
Færanlegur ljósabúnaður		
Vasaljós/höfuðljós		
Vatnsslöngur		
Ruslagámur		
Loftblásarar		
Frystigámur		
Kúluplast		
Plastkassar til flutninga		

Dæmi um hentug rakadræg efni: uppsogsmottur, uppsogspulsur, uppsogskoddar, uppsogssett, handpurkur í stórum rúllum, þerripappír.



Birgðir í neyðarkistu: dæmi (ekki tæmandi)

*þarf að endurnýja reglulega

Lýsing	já/nei	Athugasemdir
Yfirbreiðslur (úr Tyvek®, plasti, vefnaði)		
Málaralímband*		
Örtrefjaklútar		
Stórir ruslapokar*		
Skófla		
Góltuskur		
Gúmmíhanskar*		

Nítrílhanskar*		
Kústar/fægiskúffur		
Fata		
Svampar		
Tússpenni*		
Vasaljós án rafhlaðna		
Rafhlöður*		
Þerripappír		
Uppsogskoddar		
Uppsogspulsur		

Viðauki 2: Viðbragðsáætlun: sniðmát/eyðublað

Sjá eftirfarandi *Word* skjal á heimasíðu safnaráðs:

[Viðbragðsáætlun-viðurkennd-söfn-skjal2-sniðmát](#)